

**Fræðslunámskeið KÍ fyrir  
trúnaðarmenn  
11. október 2017**

**Orlof, fæðingarorlof og  
veikindaréttur**




# Orlof, fæðingarorlof og veikindaréttur

Guðjón Ágúst Gústafsson – þjónustufulltrúi  
á félagssviði




# Orlof




# Lágmarksorlof

- Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf.
- Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof, 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.




# Viðbótarorlof

- Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.
- Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.
- Fullt orlof telst því vera 240 vinnuskyldustundir.



# Orlofsdagafjöldi

- Yngri en 30 ára samtals 24 virkir dagar.
- Aldur 30-37 ára samtals 27 virkir dagar.
- Eldri en 38 ára samtals 30 virkir dagar.




# Ávinnsla

- Orlofsrétturinn og ávinnsla hans er tvískipt:
  - Annars vegar er réttur til orlofstöku.
  - Hins vegar er réttur til orlofslauna.
- Réttur til orlofslauna ávinnst af öllum launum, s.s. veikindalaunum, launum í námsleyfum og fæðingarorlofi.



# Orlofsfé


- Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu- og álagsgreiðslur. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.
- Orlof er oftast greitt inn á orlofsreikning og laust til útborgunar í maí ár hvert. Heimilt er þó að greiða orlofið út jafnóðum.






# Orlofsuppbót – frhsk. og leiksk.

- Hinn 1. júní (1. maí í leiksk.) ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.
- Ef starfsmaður lætur af störfum skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall sbr. ákvæði kjarasamnings.




# Annaruppbót – grunnsk. og tónlistarsk.

- Annaruppbót er greidd tvisvar á ári. Annaruppbót vorannar greiðist 1. júní og annaruppbót haustannar greiðist 1. desember.
- Hlutfall annaruppbótar tekur mið af starfshlutfalli á hvorri önn fyrir sig.



# Skólaárið og orlof

- Almennt er talað um að orlofsárið sé frá 1. maí til 30. apríl. Það á t.d. við um leikskólakennara og stjórnendur.
- Í skólum (öðrum en leikskóla) gilda orlofslögin í þeim skilningi ekki að fullu því ef ráðning er til heils skólaárs, greiðast laun fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. júlí. Alls 12 mánaðarlaun.



# Skólaárið og orlof frhsk.


- Ef ráðning er einungis til haustannar, 4,5 mánuðir, greiðast laun í 6 mánuði frá 1. ágúst. Í 6 mánaða launum eru innifalin orlofslaun.
- Ef ráðning er einungis til vorannar 4,5 mánuðir, greiðast laun í 6 mánuði frá 1. janúar. Í 6 mánaða launum eru innifalin orlofslaun.
- Alls eru þetta laun í 12 mánuði.



# Skólaárið og orlof grsk. og tónlistarsk.

- Ef ráðning er einungis til haustannar, 4,25 mánuðir, greiðast laun í 5,37 mánuði frá 1. ágúst.
- Ef ráðning er einungis til vorannar 5,25 mánuðir, greiðast laun í 6,63 mánuði frá 1. janúar. Í 6,63 mánaða launum eru innifalin orlofslaun.

- Alls eru þetta laun í 12 mánuði.



# Orlofstaka á uppsagnarfresti

- Sé uppsagnarfrestur að hluta eða öllu leyti á sumarorlofstímabili þykir íþyngjandi fyrir starfsmann að vera gert að taka orlof sitt þá.
- Nauðsynlegt er að hafa samþykki starfsmanns sé ætlunin að fella orlofstöku hans inn í uppsagnarfrestinn.



# Veikindi í orlofi

- Nái grunnskólakennari ekki að nýta orlofsrétt sinn (24, 27 eða 30 daga) á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst telst það sem á vantar til veikinda í orlofi.
- Sé framhaldsskólakennari veikur í sumarhléi svo nemi einum mánuði eða lengri tíma, skal það sem fram yfir er, skoðast veikindi í orlofi allt að fullum orlofstíma.



# Veikindi í orlofi


- Veikist leikskólakennari í orlofi, telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs.
- Nái tónlistarskólakennari ekki að nýta orlofsrétt sinn (24, 27 eða 30 daga) á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst telst það sem á vantar til veikinda í orlofi.





# Veikindi í orlofi

- Veikist stjórnandi í orlofi, telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs.
- Mikilvægt er að tilkynna veikindi í sumarorlofi eins fljótt og unnt er.
- Starfsmaður getur ekki átt daga inni vegna veikinda í jóla- og páskaleyfi.
- Réttur vegna veikinda í orlofi getur aldrei orðið meiri en orlofsréttur starfsmanns: 24/27 eða 30 virkir dagar.




# Veikindi að hluta í orlofi

- Heimild til þess að vera veikur að hluta á ekki við um þann tíma þegar starfsmaður er í fríi/leyfi frá störfum. Starfsmaður getur því ekki talist að hálfu veikur og hálfu frískur í orlofi, það telst að fullu til orlofstöku nema að læknir votti að starfsmaður geti ekki notið orlofs en þá telst fríð að fullu til veikinda.




# Ráðningu lýkur

- Í orlofslögunum segir að ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans.
- Starfsmaður á því rétt á að fá öll orlofslaun sín gerð upp þegar ráðningu lýkur.



# Fæðingarorlof



# Greiðslur í fæðingarorlofi

- Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 95/2000. Það á jafnt við um alla sem rétt eiga á fæðingarorlofi.
- Fylla þarf út eftirfarandi eyðublöð:
- Tilkynning um fæðingarorlof
- Umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði
- Umsókn um fæðingarstyrk (fyrir Sjúkrasjóð KÍ)



# Eyðublað

**Umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði**  
 skv. lögum nr. 95/2000, sbr. lög nr. 90/2004

**Móðir - Umsóknareyðublað**

**Móðir hefur verið á innlendum vinnumarkaði a.m.k. 6 síðustu mánuði samfelld í minnst 25% starfi.** Þó skal taka til greina starfstíma móður í öðrum EES-rikjum hafi hún starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á 6 mánaða tímabilinu. Sækja skal um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði a.m.k. 6 vikum fyrir áætlaðan fæðingardag.

Sendið umsókn um fæðingarorlof til: Vinnuálastofnunar - Fæðingarorlofssjóður, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga



1. Nafn	Kennitala		
2. Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	
3. Heimasími / GSM / vinnusími	Netfang		
4. Nafn föður	Kennitala föður		
5. a) Sjálfstæður réttur móður er alls 90 dagar (3 mánuðir). Móðir ætlar að nýta sér _____ daga. b) Sameiginlegur réttur móður og föður eru 90 dagar. Móðir ætlar að taka _____ daga. c) Vegna fjölbarna: Fjöldi barna: _____ Fyrir hvert barn bætist við 90 daga sameiginlegur viðbótarréttur. Sött er um _____ daga lengingu á rétti foreldra vegna fjölbarna. Móðir tekur _____ daga af viðbótarrétti. <b>Samtals (a+b+c) réttur sem móðir sækir um eru alls _____ dagar. (30 dagar í mánuði).</b>			
6. Greiðslur hefjast samkvæmt dagsetningu á eyðublaði „Tilkynning um fæðingarorlof“.			
Fæðingarorlof foreldris getur hafist allt að mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Við útreikning á greiðslum launþega er miðað við meðaltal tekna sem er 12 mánaða samfelld tímabili sem lýkur 6 mánuðum fyrir fæðingardag barns, frumættlingu eða varanlegt föstur. Við útreikning á greiðslum til sjálfstætt starfandi einstaklinga er miðað við meðaltal tekna einu almanaksári á undan fæðingardag barns.			
Af greiðslu skal dregið lífeyrissjóðsgjald			
Nafn lífeyrissjóðs _____ / deild (ef við á)			
<input type="checkbox"/> Óskað er eftir að af greiðslum verði dregið í séreignarsjóð. Nafn séreignarsjóðs _____ / _____ % af greiðslum.			
<input type="checkbox"/> Óskað er eftir að af greiðslum verði dregið stéttarfélagsgjald			
Ef ekki eru greidd stéttarfélagsgjöld á meðan verð er í fæðingarorlofi falla öll réttindi hjá stéttarfélagi niður. Nafn stéttarfélags _____			
Móðir óskar eftir greiðslum á bankareikning launa: Nr. banka _____ Hb. _____ Reikn. _____ Með Innborgun á bankareikning fylgir uppgjör sem hægt verður að skoða í heimabanka móður.			
Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi byggist á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá, tryggingagjaldskrá og skattframtali ríkisskattstjóra. Komi í ljós síðar að greiðslur hafa orðið hærrí en vera þarf á Fæðingarorlofssjóður endurkröfufétt á hendur foreldri. Hafi Fæðingarorlofssjóður greitt foreldri lægri greiðslur en því þar greiðir Fæðingarorlofssjóður vangreidda upphæð. <b>Með undirskrift minni samþykki ég að Vinnuálastofnun megi sía nauðsynlegra gagna úr framangreindum skráum ríkisskattstjóra við framkvæmd laganna enda er það forsenda fyrir rétti mínum til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Ég er jafnframt upplýst/ur um að gögn sem Vinnuálastofnun aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna. Með undirskrift minni staðfesti ég einnig að láta Fæðingarorlofssjóð vita um allar breytingar sem kunna að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar þessarar og/eða greiðslur samkvæmt henni.*</b>			
7. Staður og dagsetning			
Undirskrift móður*			

8. Eftirfarandi gögn verða að berast Fæðingarorlofssjóði til þess að greiðslur geti hafist:

Vottorð um væntanlegan fæðingardag barns.  
 Tilkynning til vinnuveitanda um fæðingarorlof. (eyðublað sótt á vef Fæðingarorlofssjóðs).  
 Afrit af launaseðlum síðustu tveggja mánaða.

**Skattkort.** Til þess að nýta persónuafslátt hjá Fæðingarorlofssjóði þarf að senda inn skattkort í síðasta lagi 20. dag þess mánaðar sem sótt er um fæðingarorlof fyrir. Öll gögn skal senda á Vinnuálastofnun - Fæðingarorlofssjóð, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

Sjálfstætt starfandi umsækjandi með reiknað endurgjald þarf að skila staðfestingu á að tryggingagjald hafi verið greitt sl. 6 mánuði fyrir fæðingu barns og staðfestingu á lækun á reiknuðu endurgjaldi ef um það er að ræða. Sjá á næstu síðu frekari upplýsingar um sérstök vottorð o.fl.

**Til útfyllingar af Fæðingarorlofssjóði**

Samkvæmt þessari umsókn greiðst:

Móður frá \_\_\_\_\_  Föður frá \_\_\_\_\_ Umsókn afgreidd \_\_\_\_\_

## Tilkynning um fæðingarorlof

Berist vinnuveitanda í síðasta lagi 8 vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Forsenda fyrir rétti til fæðingarorlofs er að umsækjandi hafi verið á innlendum vinnumarkaði a.m.k. 6 síðustu mánuði samfelld í minnst 25% starfi. Þó skal taka til greina starfstíma foreldris í öðrum EES-rikjum hafi það starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á 6 mánaða tímabilinu.



Eintak laungreiðs  
 Eintak starfsmans

Sendið með umsókn um fæðingarorlof til: Vinnuálastofnunar - Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga

1. Nafn starfsmans	2. Kennitala
3. Nafn vinnuveitanda eða fyrirtækis	4. Kennitala


### Starfshlutfall í prósentum (%) hjá vinnuveitanda síðustu sex mánuði fyrir fæðingardag barns:

6. mánuður	5. mánuður	4. mánuður	3. mánuður	2. mánuður	1. mánuður
------------	------------	------------	------------	------------	------------

Fæðingarorlof		Áætlaður fæðingardagur barns:		Fæðingardagur barns:	
6. <input type="checkbox"/> vegna fæðingar barns	7. <input type="checkbox"/> vegna frumættlingar			8. <input type="checkbox"/> vegna tóku barns í varanlegt föstur	
9. <input type="checkbox"/> lenging fæðingarorlofs vegna fjölbura fæðingar - fjöldi barna	10. <input type="checkbox"/> vegna fösturáts eftir 18 vikur			11. <input type="checkbox"/> vegna andvanafæðingar eftir 22 vikur	
12. Tímabil fæðingarorlofs					
<input type="checkbox"/> Upphafsdagur miðast við fæðingardag barns		<input type="checkbox"/> Upphafsdagur miðast við áætlaðan fæðingardag barns		<input type="checkbox"/> Annar upphafsdagur, frá _____ til _____	
13. Fæðingarorlofstími					
<input type="checkbox"/> orlofstími samfelldur					
<input type="checkbox"/> orlofstíma skipt á þeirri en eitt tímabil. Fylla þarf út líka 14.					
<input type="checkbox"/> orlofstíma dreitt á lengra tímabil án þess að vera í skertu starfshlutfalli á sama tíma. _____					
<input type="checkbox"/> orlofi dreitt á lengri tíma samhláða vinnu í skertu starfshlutfalli, hvernig? _____					
14. Tílhögun fæðingarorlofs ef orlofstími er ekki samfelldur:					
Sjálfstæður réttur móður eru 90 dagar (3 mánuðir). Sjálfstæður réttur föður eru 90 dagar. Sameiginlegur réttur foreldra eru 90 dagar. Fæðingarorlof getur styst verð tveir vikur í senn. Réttur til fæðingarorlofs vegna barns sem fæðist 1. júlí 2009 eða síðar fellur niður þegar barnið nær 36 mánaða aldri. Réttur til fæðingarorlofs vegna barns sem fæðist 1. júlí 2009 eða síðar fellur niður þegar barnið nær 36 mánaða aldri. Vegna fösturáts eftir 18 vikur myndast 60 daga sameiginlegur réttur. Vegna andvanafæðingar eftir 22 vikur myndast 90 daga sameiginlegur réttur.					
15. Umsækjandi fer með forsjá barns		Réttur foreldris til fæðingarorlofs er bundinn því að það fari sjálf með forsjá barns eða að forsjáforeldri samþykki umgengni þess við barnið. Vinnuveitandi getur krafist sönnunar á forsjá barnsins eða samþykkis fyrir umgengni, telji hann þess þörf.			
<input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei					
Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi byggist á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá, tryggingagjaldskrá og skattframtali ríkisskattstjóra. Komi í ljós síðar að greiðslur hafa orðið hærrí en vera þarf á Fæðingarorlofssjóður endurkröfufétt á hendur foreldri. Hafi Fæðingarorlofssjóður greitt foreldri lægri greiðslur en því þar greiðir Fæðingarorlofssjóður vangreidda upphæð. <b>Með undirskrift minni samþykki ég að Vinnuálastofnun megi sía nauðsynlegra gagna úr framangreindum skráum ríkisskattstjóra við framkvæmd laganna enda er það forsenda fyrir rétti mínum til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Við erum jafnframt upplýst/ur um að gögn sem Vinnuálastofnun aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna. Með undirskriftum okkar staðfestum við einnig að láta Fæðingarorlofssjóð vita um allar breytingar sem kunna að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar þessarar og/eða greiðslur samkvæmt henni.*</b>					
16. Dagsetning og undirritun starfsmans *2					
17. Dagsetning og undirritun vinnuveitanda **2					
18. Dagsetning og undirritun vinnuveitanda ef tilkynningin er móttækn með fyrirvara um breytingar ***2					
19. Dagsetning og undirritun sjálfstætt starfandi einstaklings****22					

# Réttur til fæðingarorlofs

- Foreldri þarf að hafa verið samfelld á vinnumarkaði í 6 mánuði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs til þess að eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi.
- Samkvæmt lögnum á hvort foreldri rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi. Sá réttur er ekki framseljanlegur á milli foreldra þannig að kjósi annað hvort þeirra að nýta ekki sjálft sinn rétt fellur hann niður. Þá eiga foreldrarnir þrjá mánuði til viðbótar sameiginlega sem þeir geta ráðið hvernig þeir nýta.



# Samfelld starf í 6 mánuði


- Bæði atvinnuleysisbætur og sjúkradagpeningar teljast til þátttöku á atvinnumarkaði og þess er krafist að starfsmaður sem sækir um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafi verið samfelld 6 mánuði á vinnumarkaði fyrir fæðingu barns.






# Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði

- Mánaðarlegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldris í fullu fæðingarorlofi eru 80% af meðaltali heildarlauna.
- Mánaðarleg greiðsla nemur að hámarki 500.000 kr. á mánuði frá og með 15. október 2016.
- Miðað er við tólf mánaða samfelld tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur.




# Tilhögun fæðingarorlofs

- Venjulega er sveigjanleiki á tilhögun fæðingarorlofs.
- Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli.
- Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en tvær vikur í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði.




# Tilhögun fæðingarorlofs frh.

- Ef vinnuveitandi getur ekki fallist á óskir starfsmanns skal vinnuveitandi að höfðu samráði við starfsmann leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar. Skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.
- Ef samkomulag næst ekki milli starfsmanns og vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs starfsmanns á starfsmaður ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem starfsmaður ákveður.



# Fæðingarstyrkur

- Sjúkrasjóður KÍ greiðir út fæðingarstyrki til félagsmanna. Upphæðin er kr. 215.600 miðað við fullt starf 6 mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma.
- Skilyrði er að sjóðfélagi/félagsmaður fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof.



# Fæðingarstyrkur frh.



Sjúkrahjósúður Kennarasambands Íslands  
Laufásvegi 81  
101 Reykjavík – IS  
Sími: 595 1111

## Umsókn um fæðingarstyrk

Nafn umsækjanda		Kennitala
Heimilisfang		Póstnúmer og staður
Heimasími	Farsími	Netfang
Vinnustaður	Vinnusími	
Kennitala barns/barna		

Með umsókninni fylgir:

Ljósrit af fæðingarvottorði/um

Greiðslur leggst inn á:

Bankanúmer	Hofubók	Reikningsnúmer
------------	---------	----------------

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

### STADFESTING SKÓLASTJÓRA

Undirritaður staðfestir hér með að meðalstarfshlutfall umsækjanda síðustu 6 (sex) mánuði fyrir fæðingu barns/barna var \_\_\_\_\_%. Jafnframt staðfestist að umsækjandi hefur gert samning um töku a.m.k. þriggja mánaða fæðingarorlofs.

Staður og dagsetning

Undirskrift skólastjóra

Símanúmer skólastjóra

Netfang skólastjóra

Sækja verður um innan 18 mánaða frá fæðingu barns/barna. Staðgreiðsla skatta er tekin af öllum styrkjum. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Afgreiðsla Sjúkrahjósúðs



# Félagssaðild í fæðingarorlofi

- Mikilvægt er að félagsmaður merki við á eyðublaðinu „Umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði“ að viðkomandi vilji greiða til KÍ í fæðingarorlofinu annars tapar starfsmaðurinn öllum félagslegum réttindum þ.m.t. rétti í endurmenntunarsjóði, Orlofssjóði og Sjúkrasjóði.
- Félagsgjald er 1,4% frá 1. maí 2014.



# Fæðingarorlof telst starfstími


- Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sem starfstími og vinnur hann sér inn rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum eins og hann væri í starfi.
- Sama gildir um starfsaldurshækkunar, veikindarétt, uppsagnarfrest og rétt til atvinnuleysisbóta.



# Gild ráðning í fæðingarorlofi

- Það er mjög mikilvægt að hafa gilda ráðningu í fæðingarorlofinu.
- Hafi kennari ekki gildan ráðningarsamning í fæðingarorlofinu fær hann ekki greitt orlof á fæðingarorlofið.


- Þó svo að það sé skilyrði að hafa 6 mánuði samfelld í starfi fyrir fæðingarorlofið er það þó ekki skilyrði fyrir greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði að vera með ráðningu út fæðingarorlofið.






# Án ráðningarsamnings

- Ef kennari sem ekki hefur gilda ráðningu í fæðingarorlofinu fer í 6 mánaða fæðingarorlof, sem lýkur t.d. um áramót, er ráðinn aftur til kennslu á vorönn, þá á viðkomandi ekki rétt á fullum sumarlaunum sumarið á eftir, þar sem hann telst eingöngu hafa verið í starfi á vorönn.




# Með ráðningarsamning

- Sá sem hefur gilda ráðningu í fæðingarorlofinu fær hins vegar full sumarlaun sumarið eftir fæðingarorlofið, hafi hann verið í fullu (100%) fæðingarorlofi og ekki framlengt það.



# Ráðning rennur út áður en fæðingarorlof hefst

- Tveir möguleikar í stöðunni:
- Annars vegar að skrá sig á atvinnuleysissskrá um leið og ráðning rofnar
- Sækja um sjúkradagpeninga ef heilsa starfsmanns leyfir ekki að viðkomandi fari á atvinnuleysissskrá, því bæði telst til þátttöku á atvinnumarkaði og þess er krafist að starfsmaður sem sækir um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafi verið samfelld 6 mánuði á vinnumarkaði.




# Framlengt fæðingarorlof

- Mikilvægt er að hafa í huga að starfsmaður sem framlengir fæðingarorlof sitt telst taka launalaust leyfi í framhaldi af fæðingarorlofinu og orlof ávinnst ekki af launalausum leyfi.
- Þetta á einnig við um þá sem dreifa greiðslunum til lengri tíma, orlof ávinnst ekki af framlengingunni.




# Persónu- og orlofsuppbót/Annaruppbót

- Kennari fær persónu- og/eða orlofsuppbót/annaruppbót í fæðingarorlofinu frá sínum launagreiðanda.
- Ef kennari er í framlengdu fæðingarorlofi þarf að reikna út hversu stóran hluta hann á.



# Veikindaréttur




# Veikindaréttur

- Veikindaréttur miðast við starfsaldur og verður mest 360 dagar eftir 18 ár í starfi.
- Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.



# Veikindaréttur

- Veikindaréttur flyst með starfsmanni milli sveitarfélaga/ríkis.
- Framvísa þarf starfsvottorðum frá fyrri launagreiðendum.






# Veikindaréttur – fjöldi daga

Starfstími	Fjöldi daga
• 0- 3 mánuði í starfi	14 dagar
• Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
• Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
• Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
• Eftir 7 ár í starfi	175 dagar


Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur vegna yfirvinnu.

- Eftir 12 ár í starfi 273 dagar
- Eftir 18 ár í starfi 360 dagar
- Allir dagar telja í veikindum.




# Laun í veikindum

- Auk mánaðarlauna greiðast í veikindum föst yfirvinna og meðaltal tilfallandi yfirvinnu.
- Í veikindum skal greiða samkvæmt þeirri stundaskrá sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans.
- Ný vinnuskýrsla er ekki undirrituð fyrr en starfsmaður kemur til starfa á ný.




# Veikindi að hluta

- Starfsmaður getur að læknisráði og með leyfi yfirmanns unnið skert starf, t.d. 50% starf með 50% veikindum og er greiðsla veikindalauna m.v. það starfshlutfall sem vantar á að hann vinni fullt starf.
- Starfsmaðurinn vinnur eins og læknir leggur til, en svo er ákveðið í samráði við yfirmann hvaða vinnu á að vinna.
- Taki viðkomandi starfsmaður að sér meiri vinnu en vottorð læknis gerir ráð fyrir er litið svo á að hann sé vinnufær að stærri hluta en talið var og taki því veikindalaun að því sem nemur minni hluta allt að fullum dagvinnulaunum.



# Talning veikindadaga

- Ef starfsmaður er veikur í hálfan dag telst það sem 1 veikindadagur og þá skiptir ekki máli hvort starfsmaður er í hlutastarfi eða ekki.
- Sama á við ef starfsmaður er með læknisvottorð 50% og í 50% starfshlutfalli.




# Vottorð

- Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar.
- Yfirmaður getur krafist vottorðs hvenær sem er, ef þörf þykir á og skiptir þá ekki máli hvort heldur er, skammtíma eða langtímaveikindi.




# Vottorð frh.

- Endurgreiða skal starfsmanni gjald vegna læknisvottorða sem krafist er af vinnuveitanda og sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.



# Vinnuslys

- Tilkynna skal öll vinnuslys eins fljótt og auðið er og ekki síðar en innan sólarhrings.
  - Lögreglu eða Neyðarlínu
  - Vinnueftirlits ríkisins
  - Sjúkratryggingar Íslands



# Starfshæfnisvottorð


- Þegar starfsmaður hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð ber honum að skila svokölluðu starfshæfnisvottorði þegar hann hefur störf á ný.
- Starfsmaður má ekki hefja störf án þess að læknir votti að heilsa hans leyfi og heimilt er að krefjast vottorðs trúnaðarlæknis.






# Starfshæfnisvottorð frh.

- Það er mikilvægt að vinnuveitandi óski eftir starfshæfnisvottorði að loknum veikindum svo starfsmaður geti farið að ávinna sér veikindaréttinn að nýju.
- Óski vinnuveitandi ekki eftir því ber að líta svo á að starfsmaður sé starfhæfur á ný.




# VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

- Þjónusta VIRK er fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.
- Til að eiga rétt á þjónustu þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubrest frá lækni í formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu VIRK.
- Tilgangur þjónustu VIRK er að aðstoða fólk við að komast aftur í vinnu.




# Veikindaréttur fullnýttur

- Ef starfsmaður fullnýtir veikindarétt sinn á hann rétt á að sækja um sjúkradagpeninga til Sjúkrasjóðs KÍ.
- Þegar réttur til sjúkradagpeninga hefur verið fullnýttur getur starfsmaður sótt um örorkulífeyri til lífeyrissjóðs og/eða endurhæfingarlífeyri til Tryggingastofnunar ríkisins.



# Endurhæfingarlífeyrir

- Tryggingastofnun ríkisins er heimilt er að greiða einstaklingum á aldrinum 18-67 ára endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki er ljóst hver starfshæfni verður til frambúðar í kjölfar sjúkdóma eða slysa.
- Áður en til mats á endurhæfingarlífeyri kemur þarf umsækjandi að hafa lokið áunnum rétti sínum til veikindalauna frá vinnuveitanda, sjúkradagpeningum frá sjúkrasjóði stéttarfélags og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.




# Lausnarlaun

- Þegar starfsmaður, segir starfi sínu lausu eða er leystur frá störfum vegna heilsubrests, varanlegrar óvinnufærni eða ef viðkomandi hefur tæmt veikindarétt og/eða haldið starfinu launalaust jafn lengi og veikindaréttur varði má greiða svokölluð lausnarlaun, þ.e.a.s. 3 mánaðarlaun (eftir að sjúkradagpeningaréttur hefur verið fullnýttur).



# Lausnarlaun – frh.

- Auk lausnarlauna þarf starfsmaður að fá uppgjör orlofslauna ef um uppsafnað sumarorlof er einnig að ræða.
- Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð.



# Lausnarlaun frh.

- Ef látinn starfsmaður var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 skal greiða föst laun (skv. gr. 12.2.6) í 3 mánuði. Að auki skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 12.5.2 (3 mánaða laun) koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum var tæmdur.
- Einnig skal greiða dánarbúi áunninn orlofsrétt (sumarlaunahluta) látins starfsmanns.



# Veikindi barna

- Foreldri barns yngra en 13 ára á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir m.v. fullt starf) á hverju almanaksári, og endurnýjast sá réttur um hver áramót.
- Ekki er nauðsynlegt að taka þessa daga út í heilum dögum heldur má taka út hálfan daga eða jafnvel nýta nokkrar klukkustundir í senn.





# Mikilvægt!

- Mikilvægt er að leita upplýsinga hjá KÍ ef starfsmaður íhugar uppsögn vegna veikinda svo réttindum sé ekki fyrirgert með ótímabærri uppsögn.
- Sama er að segja ef starfsmaður íhugar að sækja um launalaust leyfi þegar hann ætti í raun að fara í veikindaleyfi.
- Stjórnendur hafa upplýsingaskyldu gagnvart starfsmönnum.



# Takk fyrir

**Guðjón Ágúst Gústafsson**  
**Þjónustufulltrúi á félagssviði**  
**[gudjon@ki.is](mailto:gudjon@ki.is)**

